

A close-up photograph of a woman with dark hair and glasses, wearing a white shirt, leaning over a desk and writing on a document with a pen. Her face is in profile, and she appears focused on her work. A watch is visible on her left wrist.

# MÁL- OG LESSKILNINGUR – SAMEIGINLEG ÁBYRGÐ

## UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA BARNA Á MIÐSTIGI



A photograph of a father and three children gathered around a globe in a classroom. The father, a bald man in a light-colored sweater, is pointing at the globe with a yellow pencil. The children, two girls and one boy, are looking at the globe with interest. The girl on the left has long blonde hair and is wearing a colorful plaid shirt. The boy in the middle has dark hair and glasses, wearing a white t-shirt. The girl on the right has long brown hair and is wearing a green hoodie. The background shows a classroom setting with a map on the wall and a desk with various items.

**ÞÚ ERT MEÐ BARNINU ÞÍNU Í LIÐI  
ÞEGAR ÞAÐ EFLIR MÁLÞROSKA SINN OG LESSKILNING**

### Vissir þú

- að börn eru að læra að lesa alla skólagönguna?
- að börn á miðstigi læra að jafnaði tíu ný orð á dag?
- að lestur veitir barninu meiri orðaforða?
- að sá orðaforði sem barnið ræður yfir hefur mesta þýðingu fyrir lesskilninginn?
- að börn með líftinn orðaforða geta vel lært að lesa, en eiga oft í vandræðum með að skilja það sem þau lesa?
- að erfiðleikar í lestrarnámi og slakur lesskilningur kemur oftast í ljós á miðstiginu?





## TALAÐU, LESTU OG SKRIFAÐU MEÐ BARNINU



Þú hefur sem foreldri mest áhrif á málskilning og lesskilning barnsins.

Gott talmál er grunnurinn að því að barninu vegni vel í námi.

Gefðu þér tíma til að tala við barnið og veittu því óskipta athygli.

Hjálpaðu barninu þínu að leita sér þekkingar á því sem það hefur áhuga á.

Talaðu við barnið um það sem þið sjið í sjónvarpinu, það sem heyrir í útvarpi, lesið í bókum, blöðum eða á netinu.

Bentu barninu þínu á þá möguleika sem það hefur til að nýta sér þekkingu sína á lestri og ritun.

Sýndu áhuga á því sem barnið les og tjáir sig skriflega um.

Fylgstu vel með barninu í námi og frístundum.

## LESTUR

Skólinn ber ábyrgð á lestrarnáminu. Foreldrar bera ábyrgð á því að styðja barnið í lestrarnáminu.

Þú getur stutt barnið í lestri með því að gefa þér tíma og stað til að lesa með því á hverjum degi.

Lestu upphátt fyrir barnið – líka þegar það verður eldra.

Dagleg lestrarsamvera með barninu á heimilinu er styrkur fyrir barnið í öllu námi og öllum fögum.

Vertu vakandi fyrir áhugamálum barnsins og sýndu því hvar það getur fundið lesefni um það sem kveikir áhuga þess.



## AÐ LESA OG SKILJA



Mikilvægt er að barnið þitt skilji það sem það er að lesa þegar það situr við lestur. Þú getur stutt við lesskilning hjá barninu með því að:

- spyrja það út í efnið sem það er að lesa.
- vera vakandi fyrir því hvort barnið skilji allt sem það er að lesa.
- tala við barnið um hvað einstök orð og hugtök þýða.
- hvetja barnið til að leita sér aðstoðar þegar það velur sér bækur og annað lesefni.
- vera í góðu sambandi við móðurmálskennara barnsins ef þú ert óviss um hvernig þú getur stutt það í lestri og öðru námi.

## LESVIRKNI

Hvetja ber öll börn til að lesa mikið.

Mikilvægt er að barnið hafi ánægju af því að lesa og læri að njóta þess að sækja sér þekkingu í gegnum bækur, blöð og stafræna miðla.

Mikilvægt er að barnið þitt hafi sem lengst löngun til að lesa - og hafi yndi af því.

Ekki leiðréttu barnið þegar það les upphátt fyrir þig – einungis ef lesturinn hamlar skilningi.

Lesskilningur eykst hjá barninu þegar það les margvíslegan texta:

- teiknimyndasögur
- skólabækur
- fagurbókmenntir
- rafrænan texta
- símaskilaboð
- blöð og tímarit
- dagblöð
- hljóðbækur





## VIRK RITUN



Börn ná góðum tókum í ritun með því að lesa og lestrarfærni þeirra eykst með því að skrifa.

Ritmál barnsins verður auðugra þegar það skrifar um ólík málefni og á margvíslegan máta.

Það á við um þegar skrifað er:

- á tölvu
- minnisblöð
- bréf og póstkort
- símaskilaboð
- dagbók




## EKKI GLEYMA

Að samræður þínar við barnið hafa mikla þýðingu fyrir mál- og lesskilning þess.

Lesskilningur og ritfærni helst í hendur hjá barninu alla skólagönguna.

Að læsi, ritun og málnotkun leggur grunn að þroska og færni barnsins og möguleikum þess á að ná árangri í námi.

Að gott samstarf milli foreldra og skóla getur skipt sköpum fyrir þróun mál- og lesskilnings barna.



## UPPLÝSINGAR

Gagnvirkir vefir með skemmtilegu efni fyrir börn:

[www.nams.is/krakkasidur/](http://www.nams.is/krakkasidur/)

[www.skolavefurinn.is/namsgreinar/krakkar](http://www.skolavefurinn.is/namsgreinar/krakkar)

[www.leikuradordum.is](http://www.leikuradordum.is)

Um læsi og lestrarerfiðleika:

[www.lesvefurinn.hi.is/](http://www.lesvefurinn.hi.is/)

Bæklingar eru á Foreldravef Reykjavíkurborgar um hvernig foreldrar geta aðstoðað börn sín við lestrarnámið:

[www.reykjavik.is/foreldrar](http://www.reykjavik.is/foreldrar)

Heimasíða Borgarbókasafnsins er með margs konar áhugavert efni fyrir börn, unglinga og foreldra:

[www.borgarbokasafn.is](http://www.borgarbokasafn.is)

Efni fyrir börn og foreldra með annað móðurmál en íslensku:

[www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)

[www.tungumalatorg.is](http://www.tungumalatorg.is)

Barnabækur á rafrænu formi. Þar má m.a. finna ókeypis rafbækur fyrir börn:

[www.emma.is](http://www.emma.is)

[www.lestu.is](http://www.lestu.is)

[www.pennavinir.is/lestur](http://www.pennavinir.is/lestur)

[www.hlusta.is](http://www.hlusta.is)

[www.hljodbok.is](http://www.hljodbok.is)

## KRÆKJUR

Þessi bæklingur hefur verið þýddur á íslensku, dönsku ensku, pósku, sómölsku, arabísku, tyrknesku, víetnömsku, kúrdísku, dari og og pashto.

Þýddu bæklingana finnur þú hér: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

This brochure has been translated into English. The translation can be found on the following website: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Ta broszura jest przetlumaczona na jezyk polski. Przetlumaczony tekst znajduje sie na stronie internetowej: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Qoraalkan waxaa lagu turjumay af soomaali. Turjumidda waxaad ka heli kartaa boggaan: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Bu broşür Türkçe ye de çevrilmiştir. Çeviriyi aşağıdaki internet adresinde bulabilirsiniz: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

Tập giấy mỏng này được chuyển dịch sang tiếng Việt. Bạn có thể đọc bản phiên dịch tại trang điện tử sau: [www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

... مو هتيزۆدي هئى مو هراوخ هل ئىلام ى مر هپال هل هك هنارئىگر مو ، ىدروك ژب وارئىگر مو هيه كلئىمان م هئى

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

. دېن كادېپ لېڭ سىردا هېدېن اوتېمېمېش هك هېدېدرگ مېجرتوتېش پو ىرد نابلز هې امن هر هچباتك نېا

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

: ىرک ادېپ ىک هحفص ىرتوېپېمک ىدنال هې مېجرت هغ ىش ىالوک ىسات هچ . ه د ىوش مېجرتوېژوتېن پوا ىرد هې هچباتك ىتامول عم هغ

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)

هئىلتال هحفصلال ناونع ىلع اهدجت تمجرتال . هئىبرعلا هغللال ىل مچرت بئىتكلال اذه

[www.aarhus.dk/pi](http://www.aarhus.dk/pi)



Unnið í samstarfi við borgaryfirvöðla í Árósum

Utgefið:  
2014

©COPYRIGHT:  
Pædagogisk Afdeling  
Børn og Unge  
Aarhus Kommune

Myndir úr safni  
skóla- og frístundasíðs  
Reykjavíkurborgar